

Umsagnir og svör vegna matsáætlunar - Vikurnám við Merkihvoll

Nr.	Athugasemd	Svar framkvæmdaraðila
1	Fiskistofa, dags. 28.1.26	
1.1	„Fiskistofa bendir einungis á að mengunarvarna skuli gætt og að viðbragðsáætlun sé til staðar ef ske kynni að mengunarslys eigi sér stað í nágrenni við veiðivatn.“	Viðbragðsáætlun vegna mögulegra mengunarslysa er meðal gagna sem lögð verða fram þegar sótt verður um viðeigandi leyfi fyrir framkvæmdum.
2	Náttúruverndarstofnun, dags. 13.2.25	
2.1	<p>„Sandorpið hraun <i>Náttúruverndarstofnun vill benda á að samkvæmt vefsíðu Náttúrufræðistofnunar er umrætt efnistökusvæði á nútímahrauni, Búrfellshraun, sem nýtur verndar samkvæmt 61. gr. Náttúruverndarlaga.</i></p> <p><i>Samkvæmt ákvæðum 61. gr. náttúruverndarlaga nýtur hraun sérstakrar verndar en þar sem hraun er að öllu leyti sandorpið eða hulið jarðvegi og gróðri og ekki er lengur hægt að greina hvort um hraun sé að ræða og það hefur að öllu jöfnu tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess sem jarðmyndunar eða „hraunvistgerðar“ þá nýtur það ekki sérstakrar verndar samkvæmt greininni. Ákvæðið útilokar þó ekki að aðrir eiginleikar, svo sem jarðsögulegir eiginleikar eða eiginleikar þess gróðurs sem vex á svæðinu, hafi sérstakt verndargildi.</i></p> <p><i>Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufrýrbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.</i></p>	<p>Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um áhrif framkvæmdar á jarðmyndun og verður m.a. horft til mögulegrar verndunar svæðisins m.t.t. 61. gr. náttúruverndarlaga. Lagðar verða fram mótvægisáðgerðir eftir þörfu og verður forðast óþarfa rask á jarðmyndunum sem njóta verndar, eins og kostur er.</p> <p>Í umhverfismatsskýrslu mun ekki fara fram rökstuðningur á ákvörðun um rask á hrauni eða umfjöllun um fyrirliggjandi hagsmuni. Í umhverfismatsskýrslu verður lögð áhersla á að meta áhrif framkvæmdarinnar á umhverfispáttinn, bera saman áhrif mismunandi valkosta og leitað leiða til þess að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum, eins og kostur er. Þegar sótt verður um viðeigandi leyfi mun umsækjandi rökstyðja þörf á raski á hrauni sem nýtur verndar og fjalla um hverjir mögulegir hagsmunir kunna að vera.</p>

	<p><i>Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um náttúruvæðingarmálin í umhverfismálinu og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask þeirra sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir.</i></p> <p><i>Náttúruverndarstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á náttúruvæðingarmálinum þurfi að rökstyðja þá ákvörðun, tilgreina hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæti röskunina og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. “</i></p>	
2.2	<p><i>„Framkvæmd</i></p> <p>Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.</p> <p>Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisaðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Náttúruverndarstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.</p>	<p>Sótt verður um viðeigandi leyfi fyrir framkvæmdum í samræmi gildandi lög og reglugerðir í landinu áður en framkvæmdir hefjast.</p>

	<p>Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.“</p>	
2.3	<p>„Áhrifasvæði framkvæmdar, landslag og sjónrænir þættir Náttúruverndarstofnun bendir einnig á að nærri efnistökusvæðinu er skilgreint svæði á náttúruminjaskrár sem aðrar náttúruminjar sem er Hekla. Að mati stofnunarinnar er brýnt að tillit sé tekið til þessa svæðis þegar áhrifasvæði framkvæmdar er metið og að gert verði ráð fyrir viðeigandi mótvægisáðgerðum til að takmarka áhrif á landslag og sjónræna þætti.</p> <p>Náttúruverndarstofnun tekur undir mikilvægi þess að hugað sé að landmótun/endurgerð og frágangi á meðan vinnsla er í gangi og þegar vinnslutíma líkur.</p> <p>Náttúruverndarstofnun bendir á að með landmótun er átt við frágang námusvæða sem felur í sér mótun raskaðra svæða á þann hátt að þau falli sem best að umhverfi sínu að efnistöku lokinni. Markmið landmótunar og viðeigandi uppgræðslu er að sýnileg ummerki efnistökkunnar verði eins lítil og kostur er og hverfi algerlega með tímanum þar sem vel tekst til.</p> <p>Náttúruverndarstofnun bendir á að með endurgerð jarðmyndunar eða endurgerð lands felur í sér að land er mótað að nýju þar sem jarðmyndun hefur verið skert eða fjarlægð við efnistöku. Markmið landmótunar af þessu tagi er að fella efnistökusvæðið að nánasta umhverfi á þann hátt að það teljist eðlilegur hluti þess. Sá gróður sem fyrir var er látinn aðlaga sig eftir föngum að nýjum aðstæðum. Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að þessu atriði verði fylgt eftir með skýrri áætlun um mótvægisáðgerðir.“</p>	<p>Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um áhrif framkvæmdar á landslag og sjónræna þætti. Lagðar verða fram mótvægisáðgerðir til þess að draga úr áhrifum eins og kostur er auk þess að lögð verða fram drög að frágangsaætlun. Hekla er í um 10 km fjarlægð frá fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði, miðað við beina loftlínu. Með tilliti til fjarlægðar við fjallið er ekki talin ástæða til þess að fjalla sérstaklega um áhrif efnistökkunnar á Heklu.</p>

2.4	<p>„Landgræðslusvæði, skógræktarsvæði, vatnsverndarsvæði Náttúruverndarstofnun bendir á að skv. vefsja Náttúrufræðistofnunar virðist hluti fyrirhugaðs efnistökusvæðis liggja innan landsvæðis sem skilgreint er sem landgræðslusvæði. Samkvæmt sömu vefsja virðist hluti efnistökusvæðisins einnig liggja nærri skilgreindu skógræktarsvæði og vatnsverndarsvæði.</p> <p>Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að í matsáætlun og umhverfismatskýrslu verði sérstaklega um þetta fjallað og mat lagt á viðeigandi mótvægisáðgerðir til að lágmarka möguleg umhverfisáhrif mögulegrar efnistöku t.d. vegna sandfoks.</p> <p>Að öðru leyti gerir Náttúruverndarstofnun ekki athugasemdir við matsáætlunina.“</p>	<p>Framkvæmdarsvæðið er ekki innan skilgreinds landgræðslu-, skógræktar eða vatnsverndarsvæði.</p> <p>Í kafla 4.5.6 í matsáætlun kemur fram að fjallað verði um áhrif sökum foks. Þar segir m.a.:</p> <p><i>Í umhverfismatskýrslu verða áhrif sökum hávaða og foks metin. Umfjöllunin mun byggja á reynslu frá fyrri efnistöku á svæðinu og mótvægisáðgerðir lagðar fram, eins og þörf er á. Horft verður til samlegðar við aðra efnisvinnslu á svæðinu.</i></p>
3	Náttúrufræðistofnun, dags. 23.2.26	
3.1	<p><i>„Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér matsáætlunina og telur að í henni komi fram flest það sem nauðsynlegt er. Náttúrufræðistofnun bendir þó á að stofnunin tilnefndi Ytri-Rangá B-hluta náttúruminjaskrár vegna ferskvatnsvistgerða og eru mörk svæðisins frá upptökum í Rangárbotnum til suðvesturs eftir árfarveginum og kvíslum henni tengdum að Höfðalæk norðan við Svínahögða. Eldra efnistökusvæði og hluti stækkunarinnar liggur að Ytri-Rangá og að mati Náttúrufræðistofnunar þarf að meta möguleg áhrif framkvæmdanna á ána og tryggja að a.m.k 100 jaðarsvæði meðfram ánni verði ekki raskað.“</i></p>	<p>Í umhverfismatskýrslu verður fjallað um áhrif framkvæmdar á vatnsvernd of vatnalíf. Í matsáætlun segir m.a.</p> <p><i>Stuðst verður við fyrirliggjandi gögn um efnisvinnslu á svæðinu til að meta hættu á mengun og þar með áhrifum á vatnsvernd og vatnalíf. Grunnástand vatnalífs í Ytri-Rangá og Þjórsár verða metin með fyrirliggjandi gögnum. Fjallað verður um núverandi ástand vatnshlota og lagt verður mat á áhrif á vatnshlot og umhverfismarkmið þeirra í samræmi við leiðbeiningar og viðmið Vatnaáætlunar sem og ástandsflokkun og viðmið Hafrannsóknastofnunar.</i></p> <p>Í umhverfismatskýrslu verður fjallað um jaðarsvæði við Ytri-Rangá. Að mati framkvæmdaraðila, þá er 100 metra jaðarsvæði stærra heldur en þörf er á en í nýlegum verkefnum hefur verið gerð krafa um 50 metra</p>

		jaðarsvæði frá ám, sjá t.d. umhverfismatsskýrslu vegna vikurnáms á Búrfellshólum ¹ .
3.2	„Um talsverða stækkun á efnistökusvæði er að ræða og ljóst að umhverfisáhrif af stækkuninni verða mikil. Mjög víðáttumikið svæði verður fyrir beinu og óafturkræfu raski. Ásýndaráhrif framkvæmdarinnar verða umtalsverð. Vissulega er um stækkun á núverandi efnistökusvæði að ræða sem er heppilegra en að opna nýtt efnistökusvæði annars staðar en umfang framkvæmdasvæðisins er mikið og með þessari stækkun er líklegt að landslag svæðisins muni verða fyrir töluverðum neikvæðum áhrifum. Huga þarf vandlega að því að meta umfang og eðli landslagsbreytinga og samfélagsleg áhrif af því.“	Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um áhrifa framkvæmdar á landslag og ásýnd.
3.3	„Fram kemur að vinnslan fer þannig fram að fyrst er yfirborðslag rutt ofan af yfirborði með jarðýtu og þar fyrir neðan tekur við hreint vikurlag. Því verður mokað upp með hjólaskóflu á flutningabil og ekið í burtu. Jarðveginum sem rutt er ofan af svæðinu er svo dreift yfir svæðið þegar efnistöku er lokið. Þótt gróðurlendi séu ekki metin með hátt verndargildi ætti engu að síður að ræða í umhverfismatsskýrslunni mótvægisáðgerðir við því tapi á gróðurþekju sem verður s.s. landgræðslu.“	Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um áhrif framkvæmdar á gróðurfar og mótvægisáðgerðir lagðar fram, ef þörf er á.
3.4	„Ef myndir frá Loftmyndum ehf (myndir frá 2019) eru skoðaðar sést að fyrra námusvæði er illa útlítandi og sá frágangur sem þar var viðhafður ekki til fyrirmyndar. Fjalla þarf betur um hvernig frágangi verður háttað, líka hvort vinnslan verði áfangaskipt og gengið endanlega frá eftir hvern áfanga, og hvort einhver landgræðsla sé fyrirhuguð. Þá þarf einnig að fjalla um frágang á eldra námusvæði“	Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um hvernig frágangi verður háttað, bæði samhliða efnisvinnslu og að efnisvinnslu lokinni. Í umhverfismatsskýrslu verður ekki fjallað um frágang á eldra námusvæði, enda er frágangur þess svæðis ekki á ábyrgð vinnsluaðila nýja efnistökusvæðisins. Líkt og fram kemur í umhverfismatsskýrslu, þá fór fyrra efnistökusvæði, þá nefnt Merkihvolnsnáma, í gegnum mat á umhverfisáhrifum árið 1999 og hefði frágangssáætlan átt að vera hluti af

¹ EFLA, 2024. Vikurnám á Búrfellshólma, Umhverfismatsskýrsla. Unnið fyrir Steypustöðina.

https://assets.ctfassets.net/8k0h54kbe6bj/42rVT3WsfkEznwbQG4zpgK/3d5af37f79f782cc1a25e8919cace4a8/Vikurn%C3%A1m_%C3%A1_B%C3%BArfellsh%C3%B3lma_-_umhverfismatssk%C3%BDrsla.pdf

		<p>þeirri vinnu sem fram fór þá fram ásamt því að skilyrði hefðu átt að vera sett í starfsleyfi þáverandi vinnsluaðila.</p> <p>Líkt og fram kemur í umsögn Náttúrufræðistofnunar, þá lítur svæðið ekki vel út í dag og verður fjallað um líkleg samlegðaráhrif þar sem við á, s.s. með tilliti til áhrifa á ásýnd og landslag.</p>
4	Hafrannsóknastofnun, dags. 18.2.26	
4.1	<p>„Framkvæmdarsvæðið er staðsett innan tveggja grunnvatnshlota: Efri-Þjórsá (103-211-G) og Tungnárhraun (103-308-G). Áhrif á vatnsvernd og vatnalíf yrði einkum ef upp kæmu mengunarslys og hafa því eftirfarandi matsspurningar verið lagðar fram; a) Hver eru möguleg áhrif á vatnsvernd og vatnalíf ef upp kemur mengunarslys? Svar: Ef upp kæmi mengunarslys væri hætt á að grunnvatn mengist og vatnshlot gæti í kjölfarið fallið um gæðaflokk. Mengunarvaldur kann að renna í árfarveg Þjórsjáar sem gæti haft neikvæð áhrif á afkomu laxfiska í ánni, ásamt öðru vatnalífriki. Mikilvægir og verðmætir hagsmunir eru undir þar sem Þjórsá viðheldur einum stærsta laxastofni landsins.“</p>	Tekið verður tillit til þessarar hluta umsagnarinnar við frekara mat á áhrifum framkvæmdarinnar.
4.2	<p>„b) Eru líkur á mengunarslysum við fyrirhugaða framkvæmd? Svar: Í framkvæmdarlýsingu matsáætlunar er tekið fram á leitast verði leiða til að minnka líkur á mengunarslysum, meðal annars með því að olía og aðrir mengunarvaldar verði ekki geymdir á framkvæmdarsvæðinu. Óhjákvæmilega mun umferð um svæðið aukast samhliða framkvæmdunum og eru helstu hættur á mengunarslysum út frá vinnuvélum, s.s. olía og glussi. Sérstaka aðgát skal hafa með öllum vinnuvélum og tryggja skal að allur búnaður sé í lagi og engir mengunarvaldar berist frá þeim búnaði sem notaður verður við efnistöku.“</p>	Tekið verður tillit til þessarar hluta umsagnarinnar við frekara mat á áhrifum framkvæmdarinnar.
4.3	<p>„c) Eru áhrif framkvæmdar þess eðlis að vatnshlot nái að uppfylla umhverfismarkmið sín? Svar: Samkvæmt framkvæmdarlýsingu matsáætlunar er fátt sem bendir til þess að framkvæmdir skerði gæði vatnshlota innan framkvæmdarsvæðis, svo lengi sem að farið</p>	Tekið verður tillit til þessarar hluta umsagnarinnar við frekara mat á áhrifum framkvæmdarinnar.

	<i>verði eftir tilmælum og engin mengunarslys eigi sér stað. Athygli er vakin á því að passa þarf að vikurnámið nái ekki niður í grunnvatn, en áætluð meðalþykkt vikurlags er 4,3 metrar og meðalþykkt yfirborðlags sem þarf að fjarlægja er 1,6 metrar, samtals má því búast við að ~6 metra lag verður fjarlægt. Verði farið eftir framkvæmdalýsingu matáætlunar er ekkert til fyrirstöðu að vatnshlotin uppfylli áfram sett umhverfismarkmið.“</i>	
4.4	<i>„Hafrannsóknastofnun vill ítreka mikilvægi þess að gæta að óþarfa rask verði ekki s.s. af umferð tækja og að mengandi efni berist ekki í vatn á svæðinu. Vakin er athygli á að helstu lög sem taka til framkvæmda í og við vatn eru skipulags- og byggingarlög (nr. 73, 1997), lög um lax- og silungsveiði (nr. 61, 2006) og lög um náttúruvernd (nr. 60, 2013).“</i>	Forðast verður allt óþarfa raska á framkvæmdartíma, þess gætt að starfsemin sé í samræmi við gildandi lög og reglur í landinu og að sótt verði um viðeigandi leyfi áður en framkvæmdir hefjast.
4.5	<i>„Einnig er rétt að minnast á að í 33. gr. laga nr. 61/2006 um Lax- og silungsveiði með síðari breytingum segir m.a. svo: „Sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á fiskgengd þess, afkomu fiskstofna, aðstæður til veiði eða lífríki vatnsins að öðru leyti, er háð leyfi frá Fiskistofu.“</i>	
4.6	<i>„Hafrannsóknastofnun telur að í matsáætlun sé almennt vel gerð grein fyrir áhrifum vegna fyrirhugaðs vikurnáms við Merkihol á vatnsvernd og vatnalíf.“</i>	Þessi hluti umsagnarinnar krefst ekki svara af hálfu framkvæmdaraðila.
5	Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, dags. 23.2.26	
5.1	<p>Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda kynningu matsáætlunar fyrir téða framkvæmd og gerir eftirfarandi athugasemd:</p> <ol style="list-style-type: none"> Í matsáætluninni er óljóst hvort fullvinna eigi efnið hér á landi eða flytja það til Þorlákshafnar þar sem því verður safnað saman áður en því verður skipað til útflutnings. Ef komið verður upp geymslusvæði í Þorlákshöfn verður að gera grein fyrir mögulegum áhrifum og mótvægisáðgerðum af slíkri geymslu þar sem um tengdar framkvæmdir er að ræða. 	<p>Í kafla 3.2 í matsáætlun kemur m.a. eftirfarandi fram: <i>Efninu verður keyrt suður eftir Landvegi, þaðan eftir Suðurlandsvegi að Selfossi þegar farið er inn á Eyrabakkaveg að Þorlákshöfn. Þar er efninu safnað saman áður en það verður flutt í skip en efnið verður fullunnið erlendis.</i></p> <p>Nánar verður fjallað um geymslusvæði við Þorlákshöfn og umhverfisáhrif metin eftir því sem við á.</p>

5.2	Embættið telur að öðru leyti að áætlunin geri nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar, sem og þeim umhverfisþáttum og valkostum sem matið skal taka til. Þá gerir embættið ekki athugasemdir við hvernig til stendur að vinna úr gögnum til að meta umhverfisáhrif, né heldur fyrirhugaða framsetningu þeirra í umhverfismatsskýrslu.	Þessi hluti umsagnarinnar krefst ekki svara af hálfu framkvæmdaraðila.
5.3	Heilbrigðiseftirlit Suðurlands veitir efnisnámi og vinnslu jarðefna starfsleyfi skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.	Sótt verður um viðeigandi starfsleyfi áður en framkvæmdir hefjast.
6	Vegagerðin, dags. 23.2.26	
6.1	<p>Umsögn Vegagerðarinnar</p> <p>Í matsáætluninni kemur fram að nánar verði fjallað um umferð, áhrif á vegakerfi og mótvægisáðgerðir í umhverfismatsskýrslu. Vegagerðin tekur undir þær áherslur og telur mikilvægt að umfjöllunin taki meðal annars til eftirfarandi þátta:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Skilgreindra flutningsleiða til og frá efnistökusvæðinu, þar á meðal leiða til Þorlákshöfn. • Áhrifa þungaumferðar á slit og niðurbrot vega yfir rekstrartíma efnistökkunnar • Mats á burðarþoli og mögulegum takmörkunum á flutningsleið • Umferðaröryggis vegna aukinnar þungaumferðar og að umfjöllunin nái til samlegðaráhrifa með annarri efnistöku á svæðinu • Skilgreindra mótvægisáðgerðar sem draga úr áhrifum framkvæmda og aukinni umferð. 	<ul style="list-style-type: none"> • Í umhverfismatsskýrslu verða kort sem sýna helstu flutningsleiðir til og frá efnistökusvæðinu. • Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um áhrif þungaumferðar á slit og niðurbrot vega yfir rekstrartíma efnistökkunnar. • Í umhverfismatsskýrslu verður ekki mat á burðarþoli tiltekinna vega, enda ekki á ábyrgð einstakra framkvæmda að framkvæma slíkt mat. Samkvæmt 1. gr. laga um Vegagerðina, nr. 120/2012 þá er það hlutverk Vegagerðarinnar að byggja upp, viðhalda og reka samgöngukerfi ríkisins. Burðarþolsmat vega ríkisins er óaðskiljanlegur hluti af viðhaldi, uppbyggingu og hönnun vega og því ekki á ábyrgð sveitarfélaga eða framkvæmdaraðila að framkvæma slíkt mat. <p>Öðru máli gildir um vegi þar sem sveitarfélagið er sér um veghald en í slíkum tilfellum fellur ábyrgð á viðeigandi sveitarfélag.</p> <p>Hvort sem um er að ræða vegi þar sem ríki eða sveitarfélag sér um veghald, þá er það ekki á ábyrgð einstakra framkvæmdaraðila að framkvæma mat á burðarþoli á vegum í tengslum við umhverfismat tiltekinna framkvæmda. Aftur á móti verður fjallað um líkleg áhrif framkvæmdar á vegakerfi, t.d. með tilliti til öryggis og slit á vegum.</p> <p>Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um mögulegar takmarkanir á flutningsleið.</p>

		<ul style="list-style-type: none"> • Í umhverfismati verður fjallað um áhrif framkvæmdar á umferðaröryggi og tekið tillit til samlegðaráhrif við aðra vinnsluaðila í nágrenni framkvæmdarsvæðis. • Í umhverfismatskýrslu verða mótvægisáðgerðir lagðar fram eftir þörfum.
6.1	Vegagerðin bendir einnig á það að kostnaður vegna aðgerða á vegakerfinu sem þarf að fara í vegna fyrirhugaðra framkvæmda er á höndum framkvæmdaraðila. Einnig fellur kostnaður sem verður vegna skemmda á vegum í tengslum við framkvæmdir á framkvæmdaraðila.	<p>Framkvæmdaraðili mun standa undir þeim kostnaði sem kann að falla til vegna aðgerða á vegakerfinu í tengslum við fyrirhugaða efnistöku. Í því samhengi er þó ekki talið að framkvæmdir komin til með að hafa í för með sér verulegar áðgerðir á vegakerfinu.</p> <p>Komi til kostnaðar vegna skemmda á vegum, sem hægt er að rekja með beinum hætti til framkvæmdarinnar, mun framkvæmdaraðili bera kostnað á viðgerðum.</p>
6.3	Vegagerðin bendir á að til viðbótar við samráð og leyfi vegna þungra og stórra flutninga þarf leyfi Vegagerðarinnar fyrir öllum tengingum við þjóðvegi sem og fyrir öllum framkvæmdum og mannvirkjum innan veghelgunarsvæðis. Að öðru leyti gerir Vegagerðin ekki athugasemdir við matsáætlunina.	Sótt verður um viðeigandi leyfi áður en framkvæmdir hefjast.
7	Minjastofnun Íslands, dags. 10.3.26	
7.1	<p>„Þetta svæði hefur verið fornleifaskráð á aðalskráningarstigi að mestu, þe. fremur gróf skráning þar sem keppikefliðvar að skrá heilu sveitarfélögin. Það er um 140 ha kafli nyrst austan Þjórsár, c. frá Tröllkonuhlaupi til norðurs c. 3km sem er alveg óskráður, sjá minjavefsjá MÍ</p> <p>(https://minjastofnun.gis.is/mapview/?application=minjastofnun) og hefurhakað við: Skráning og rannsóknir/Fornleifaskráningar og Minjar, viðbætur – Fornleifaskráning/vinnuskrá. Nýlegskráning er til vegna breytinga á Landvegi frá 2025 (Fornleifastofnun Íslands ses.) þar sem skráðar voru vörður og mávænta þeirra þarna áfram til suðurs. Ef stutt er á skyggðu svæðin á vefsíðinni þá sprettur upp gluggi þar sem framkemur heiti skráningarskýrslu.</p>	Líkt og fram kemur í matsáætlun verða fornminjar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði skráðar í vettvangsferð af fornleifafræðingi.

Sumsé, til að reyna að svara skýrt: Ef á að ráðast í stórfellt jarðrask á öllu svæðinu þá á eftir að að fornleifaskránorðaustur-hluta svæðisins sem þú tilgreinir. Það væri einfaldast fyrir ykkur að fá sama aðila og skráði fyrir nefndaskýrslu um Landveg, Ragnheiði Gló Gylfadóttur, ragnheidur@fornleif.is, þar sem hún þekkir svæðið manna best: hefurskráð allan Þjórsárdal og auk þess stóran hluta Rangárþings ytra.“